

panthera®

Notkunarleiðbeiningar fyrir hjólastól af gerð:

Bambino 3



Bambino 3

EFNISYFIRLIT	SÍÐA
Inngangur/Hönnunarmarkmið	2
Hönnun/samband/tákn	3
Lýsing/yfirlit	4
Öryggisreglur	5–9
Flytja/lyfta	7
Stillingar	10–15
Aukabúnaður	16–23
Flutningur	24–26
Árekstrarprófun	27
Viðhald/þjónusta/viðgerð	28–29
Ábyrgð/samræmi	30
Tæknilýsing	31-32



INNGANGUR

Til hamingju með að hafa valið hjólastól frá Panthera AB. Vonandi verður þú ánægð/ur með Panthera gerðina og við óskum ykkur margra ára góðrar samvistar. Allar vörur Panthera AB eru hannaðar og framleiddar í Spånga, utan við Stokkhólm. Okkar gerðir eru byggðar til að verða þær allra bestu á markaðnum með tilliti til gæða, stýranleika og léttleika.

Kynnið ykkur leiðbeiningarnar vel og vandlega.

Einnig er hægt að lesa leiðbeiningarnar á www.panthera.se, en þar eru myndir og texti skýrari

HÖNNUNARMARKMIÐ

Hjólastólarnir Panthera Bambino 3 eru gerðir fyrir börn á aldrinum 4-12 ára, sem þurfa öflugan handstýrðan hjólastól til hversdags nota, bæði inni og úti heima við. Þessir hjólastólar eru gerðir fyrir fólk með líkamlega hreyfihömlun en takmarkast ekki við fólk með sérgreiningu. Einstaklingsbundin hreyfigeta og takmarkanir gefa til kynna hvort öflugur handstýrður hjólastóll hentar sem hreyfiaðstoð. Þjáfað heilbrigðisstarfsfólk ætti að veita ráðleggingar um gerð hjólastóls og síðan ætti sérfræðingur að prófa viðkomandi stól og aðlaga þannig að sem best sé að sitja í og aka hjólastólnum. Gerð og stillingar hvers hjólastóls eru prófaðar fyrir hvern einstakling.

Hjólastóllinn er gerður til notkunar inni og úti á sléttu yfirborði (t.d. viði, parketi, flísum, steypu, malbiki o.s.frv.) án hindrana. Forðist gras, mól og annað óslétt yfirborð.

HÖNNUN

Bambino 3 hjólastólarnir frá Panthera eru hannaðir með áherslu á vinnuvistfræði þegar setið er eða ekið. Hjólastóllinn er hannaður eins léttur og mögulegt er. Hjólastóllinn er fyrirferðarlítill og er afar léttur. Hann er til í tveimur gerðum, Bambino 3 og Bambinao 3 Short. Ef þörf er á má einnig búa hjólastóllinn ýmsum aukabúnaði, svo sem stöðugleikabúnaði, ýtihandföngum, örmum og hliðarhlífum. Varðandi þyngd notanda, sjá Tæknilýsingu.

NOTKUNARSVIÐ

Vélrænu hjólastólarnir frá Panthera eru handknúnir fjölnota hjólastólar ætlaðir til notkunar inni/úti og ætlaðir til að veita fólki, sem hefur getu til að nota vélrænan hjólastól, nægan hreyfanleika.

SAMBAND

Ef spurningar vakna eða þú þarfnast aðstoðar við hjólastóllinn skaltu fyrst hafa samband við næsta söluaðila (þjónustumiðstöð). Ef þú vilt ná sambandi við framleiðanda, sjá upplýsingar hér að neðan:

Panthera AB
Gunnebogatan 26
SE-163 53 Spånga

+46 (0)8-761 50 40
www.panthera.se
panthera@panthera.se

TÁKNSKÝRINGAR

Táknin sem notuð eru í leiðbeiningunum og á hjólastólnum og merking þeirra kemur fram í lista hér að neðan.


Varúð: Alríkislög (BNA) takmarka sölu eða pöntun þessa tækis við aðkomu læknis

	Varúð		Sætisbreidd hjólastóls
	Kynntu þér notkunarleiðbeiningar		Hlutanúmer á grind
	Framleiðandi		Hlutanúmer á merkimiða og yfirferð
	Dagsetning framleiðslu		Notkun tilvísana (BNA)
	Raðnúmer		Lækningatæki
	Númer í vörulista		CE-merking
	Hámarksþyngd notanda hjólastóls		

LÝSING (Mynd 1, 2)

Bambino 3 gerðirnar frá Panthera eru öflugir hjólastólar sem hannaðir eru til að gera þér kleift að lifa sem virkustu lífi. Ýrustu nákvæmni er gætt við sérhvert smáatriði. Lítil þyngd ásamt stöðugum og styrkum ramma og snúningshjólum með einstöku mynstri gera hjólastólinn einstaklega þægilegan í meðförum.

YFIRLIT (Mynd 3)



Mynd 1

1. Fótskemill
2. Grind
3. Sætissessa
4. Hliðarhlíf/ (armar)
5. Bak/Bakáklæði
6. Drifhjól/hjólbarðar
7. Ýtigjörð
8. Bremsa
9. Hraðlosun
10. Ventill
11. Afturöxull
12. Snúningshjól
13. Gaffall
14. Tengirör
15. Stöðugleikabúnaður



Mynd 2

ÖRYGGISREGLUR

Fyrirliggjandi upplýsingar

Finna má nýjustu upplýsingar um öryggi og uppfærslur hjólastóls á Panthera's website: www.panthera.se

Staðfestið að hjólastóll ykkar sé í samræmi við pöntunina:

- Mælið sætisbreidd.
- Mælið hæð á baki.
- Gangið úr skugga um að allur aukabúnaður, sem pantaður var, hafi borist.

Framkvæmið tæknilega skoðun á hjólastólnum til að tryggja að:

- hraðlosun á drifhjólí komist auðveldlega inn og út úr húsi sínu.
- drifhjólíð sé tryggilega fest eftir uppsetningu.
- hraðlosunarhnappurinn spretti alveg út í læstri stöðu.
- öll fjögur hjólin snerti gólfíð.
- auðvelt sé að snúa snúningshjólagaflinum.
- bakið leggist auðveldlega niður.



Stöðugleikahæfni

Hallinn á bakinu, stilling á bakbólstruninni og staða drifhjóla hafa hvað mest áhrif á stöðugleika hjólastólsins og hættu á að hvort hann steypist. Eftir aðlögun á stólnum þínum skaltu kanna hvort þér finnist stóllinn stöðugur.

Stöðugleiki stólsins getur líka breyst ef poki er hengdur á bakið, ef þú hallar þér eða teygir þig aftur á bak, ef hjólbarðarnir eru slitnir eða vantar loft í þá eða ef óvæntar breytingar verða á yfirborði sem ekið er á.



Stöðugleikabúnaður

Hjólastólar frá Panthera eru hannaðir til að vera sem meðfærilegastir, sem þýðir að stóllinn svarar fljótt og hnökralaust aðgerðum þínum. Ef þú gætir ekki að hreyfingum þínum gætir þú steypst um koll í stólnum. Ef þú stjórna stólnum ekki rétt og ert ekki með stöðugleikabúnað, er hætt við að þú steypist aftur yfir þig.

Stöðugleikabúnaðurinn er öryggisbúnaður gerður til að koma í veg fyrir að þú steypist aftur yfir þig í hjólastólnum. Ef þú ert í minnsta vafa um jafnvægi hjólastólsins ætti ávallt að vera með stöðugleikabúnað útdreginn. Ef þú stjórna stólnum eða notar hann þannig að stöðugleikabúnaður er reglulega í notkun eða ef þín gerð er búin rafknúnum hjólum eykst álagið á búnaðinn og það þarf að yfirfara hann daglega.

ÖRYGGISREGLUR

Hjólástólatækni

Mikilvægt er að prófa stólinn þinn ítarlega og gefa sér tímann sem þarf til að ná tökum á hjólástólatækninni. Ef spurningar vakna um hjólástólatækni skal hafa samband við þann sem ávísaði stólnum eða sjúkrapjálfa. Þér er einnig velkomið að hafa samband við teymi Panthera AB.

Bremsur

Hjólástóllinn þinn er með bremsum á hvoru drifhjóli. Bremsurnar eru hannaðar sem stöðuhemlar en ekki til að bremsa niður hreyfingu.

ATHUGID! Til að bremsurnar virki rétt verða hjólbarðarnir vera með réttum loftþrýstingi. Sjá Tæknilýsingu.

Bremsurnar koma ekki að eins góðu gagni ef hjólbarðarnir eru slitnir eða ekki með nægum loftþrýstingi. Ef skipt er í nýja gerð hjólbarða skal ávallt kanna bremsurnar því stærðir geta verið mismunandi.

Ef þú ert með kraftbremsu skaltu gæta þess að fingurnir snerti ekki bremsuna þegar ekið er með drifhjólinu. Þegar verið er að færa sig inn og út á hlið úr Panthera-stólnum skaltu tryggja að þú getir lyft þér yfir bremsuna þannig að þú setjist ekki á hana eða hún krækist í þig.



Akstur

Áður en þú ferð að nota hjólástólinn utanhúss skaltu eyða nægum tíma í að finnússa aksturstæknina í öruggu umhverfi innanhúss á sléttum fleti.

Notaðu ávallt stöðugleikabúnað eða tryggðu að einhver sé aftan við þig þegar þú ert að æfa þig. Ekki reyna að aka utanhúss fyrr en þér finnst þú algerlega örugg/ur í hjólástólnum þínum.

Gætið ykkar á hindrunum, svo sem dyraprepum og rennum sem snúningshjólin geta fest í sem veldur því að notandinn fellur fram yfir sig. Ef fjarlægðin á milli lægsta punkts á fótskemlinum og yfirborðsins er lítil (innan við 40 mm) getur fótskemillinn rekist í yfirborðið og það orðið til þess að þú steypist fram yfir þig.

Ef þú ekur niður af kantsteini með stöðugleikabúnaðinn útdreginn getur hann rekist í og valdið því að þú steypist fram yfir þig. Ef þér finnst þú óörygg/ur skaltu leggja út stöðugleikabúnaðinn og biðja um aðstoð. Einnig er hægt að fá ýtihandföng á hjólástólinn sem gera notanda kleift að láta aðstoðarmann aka sér.

Hægt er að hengja innkaup eða vörur á bakið í poka eða bakpoka, en þú verður að gera þér ljóst að þetta eykur verulega hættu á að hjólástóllinn steypist aftur yfir sig. Í því tilfelli þarf að draga út stöðugleikabúnaðinn.

Ef ekið er á ójöfnu eða hallandi undirlagi eykst hættu á að steypast aftur yfir sig.

ÖRYGGISREGLUR



Færsla í stólinn

Æfa þarf flutningstækni ítarlega ásamt viðurkenndu starfsfólki.
Aðferðirnar sem lýst er hér að neðan eru aðeins leiðbeinandi.

Færsla í stólinn á hlið (Mynd 3)

1. Staðsetjið hjólastólinn eins nálægt ykkur og mögulegt er.
2. Læsið bremsunum. Sjá „Bremsur“ undir „Stillingar“.
3. Leggðu aðra höndina á fjarlægara horn hjólastólagrindarinnar og hina á yfirborðið sem þú ert að færa þig frá.
4. Færðu þig varlega í hjólastólinn í góðu jafnvægi.

Til að tryggja sem best stöðugleika hjólastólsins skal bakka stólnum um 5-10 cm áður en stöðvað er til að tryggja að snúningshjólin snúi fram.

Færsla úr hjólastólnum frá hlið (Mynd 3)

1. Staðsetjið hjólastólinn eins nálægt yfirborðinu sem verið er að færa sig að og mögulegt er.
2. Læsið bremsunum. Sjá „Bremsur“ undir „Stillingar“.
3. Leggðu aðra höndina á fjarlægara horn hjólastólagrindarinnar og hina höndina á yfirborðið sem verið er að færa sig til.
4. Færðu þig varlega úr hjólastólnum í góðu jafnvægi.

Til að tryggja að hjólastóllinn sé eins stöðugur og mögulegt er, skal bakka hjólastólnum um 5-10 cm áður en stöðvað er til að tryggja að snúningshjólin snúi fram.



Lyfta á meðan notandi er í hjólastólnum (Mynd 4)

Ef lyfta á hjólastól með notandann innanborðs skal ávallt halda í grind hjólastólsins. Sjá örvar á [Mynd 4](#). Ekki lyfta með því að nota bakið, ýtihandföng, fótastuðning, hjól eða aðra hreyfanlega hluta.



Mynd 3



Mynd 4

ÖRYGGISREGLUR



Hjólastólataekni – rampar og hallandi yfirborð, kantsteinar og tröppur

Akstur upp rampa og hallandi yfirborð ([Mynd 49](#))

Þegar ætlunin er að aka upp rampa þarf að taka smá tilhlaup, halda stöðugum hraða, en jafnframt stýra stefnunni. Hallaðu efri hluta líkamans fram og hreyfðu báðar ýtigjarðir með hröðu öflugu togáttaki.

Akstur niður hallandi yfirborð ([Mynd 50](#))

Þegar ekið er niður hallandi yfirborð og brekkur er mikilvægt að hafa stjórn á stefnu og hraða. Hallaðu þér aftur og láttu ýtigjarðirnar renna hægt um hendur þínar. Þú verður að geta stöðvað hjólastólinn hvenær sem er með því að grípa um ýtigjarðirnar.


Akstur niður af kantsteinum ([Mynd 51, 52](#))

Með aðstoð ([Mynd 51](#))


Staðsettu hjólastólinn rétt við kantsteininn. Aðstoðarmaður heldur um bogann á bakinu og lyftir, lyftir upp snúningshjólunum og heldur hjólastólnum í jafnvægi. Síðan skal rúlla afturhjólnum rólega yfir brún kantsteinsins. Á meðan skal halda þétt um ýtigjarðir með báðum höndum uns snúningshjólin eru komin niður á fast yfirborð aftur.

Án aðstoðar ([Mynd 52](#))


Staðsettu hjólastólinn rétt við kantsteininn, lyftu upp snúningshjólunum og haltu hjólastólnum í jafnvægi. Síðan skal rúlla afturhjólnum rólega yfir brún kantsteinsins. Á meðan skal halda þétt um ýtigjarðir með báðum höndum uns snúningshjólin eru komin niður á fast yfirborð aftur.



Mynd 49



Mynd 50



Mynd 51



Mynd 52

ÖRYGGISREGLUR



Hjólástólátækni – rampar og hallandi yfirborð, kantsteinar og tröppur

Akstur upp og niður tröppur ([Mynd 53](#))

Hægt er að komast eftir tröppum með því að taka eitt þrep í einu samkvæmt leiðbeiningunum hér:

Annar aðstoðarmaðurinn ætti að standa aftan við hjólástólinn og halda um boga baksins. Hinn aðstoðarmaðurinn ætti að halda í trausta hluta á fremri grind til að styðja hjólástólinn framan frá. Miklu skiptir að afturhjólin hafi stuðning af föstu undirlagi. Aldrei skal lyfta hjólástól með notanda sitjandi í honum.

Heitir og kaldir fletir

Ef hjólástóllinn er í sólskini langtíðum saman geta fletir á honum orðið gríðarlega heitir. Hjólástólaflatir geta líka orðið mjög kaldir ef stóllinn er geymdur við kalðar aðstæður.



Hætta á að klemma sig

Þegar stólnum er ekið skal gæta þess að fingurnir verði ekki á milli drifhjóls og bremsu eða á milli drifhjóls og hlífðarhlífar eða arms.

Gættu þess að fingurnir á þér eða lausamunir lendi ekki hjólateininum við akstur. Auk þess skal gæta þess sérstaklega að börn fari ekki með hendurnar í teinana.




Núningsbrunnar

Ef hjólástóllinn er búinn núningsýtigjörðum á afturhjólum (sjá stöðu 7 á yfirlitinu) er hætt á bruna á höndum og fingrum ef þú bremsar hjólástólnum á miklum hraða með höndunum á ýtigjörðinni því að núningurinn á milli handa og ýtigjarðar skapar mikinn hita.

Atvik

Hvers kyns alvarleg atvik sem orðið hafa ber að tilkynna Panthera og Sænska eftirlitinu með lækningatækjum eða til þess bæru yfirvaldi í aðildarríkjunum þar sem notandi og/eða sjúklingur eru búsettir.



Mynd 53

STILLINGAR

Þegar stóllinn er lagaður að setstöðu þinni og nauðsynlegum hreyfanleika er mikilvægt að þú gerir stillingar í réttari röð.

Fyrst skal stilla stólinn þannig að hann leyfi rétta setstöðu. Þá fyrst er hægt að stilla jafnvægi hjólastólsins til að þú njótir nauðsynlegs hreyfanleika. Þetta þarf að gera í réttari röð, því að leiðréttingar á setstöðu hafa áhrif á jafnvægi hjólastólsins.

Hafa ber í huga að lítil fyrirhöfn er að laga stólinn að þínum þörfum í upphafi sem skilar sér til baka um langa framtíð.

Taktu frá dag til að gera tilraunir með mismunandi stillingar og athugaðu hvað þér finnst til að tryggja að sitjandi staða og jafnvægi hjólastólsins henti þér.

Stillingar á hjólastólnum þarf að framkvæma í þessari röð:

1. Dýpt á sætisbólstrun
2. Spenna í sætisbólstrun
3. Fótplötustillingar
4. Spenna á hælbandi
5. Hæð og halli á baki
6. Spenna á bakbólstrun
7. Jafnvægi hjólastólsins
8. Bremsustillingar

1. Dýpt á sætisbólstrun (Mynd 5)

Hægt er að stilla dýpt á sætisbólstrun með því að breyta sætisframlengingu í mismunandi stöður.


1. Losaðu aðeins um skrufurnar (1) með verkfæri T10.
2. Losaðu riflása-ólarnar (2).
3. Togið sætisframlenginguna af riflásum (3).
4. Stillið æskilega dýpt (5) með því að staðsetja sætisframlenginguna (4) á riflásum.
5. Strekktu á riflásaólunum (2).
6. Hertu skrufurnar (1) með verkfæri T10.

2. Spennan á sætisbólstruninni (Mynd 6)

Afturhluta sætisbólstrunarinnar má strekkja eða losa með því að stilla riflásaólina undir. Þetta gerir þér kleift að breyta sætishæðinni um hérumbil 2 cm upp eða niður.



Mynd 5



Mynd 6

STILLINGAR

3. Fótplötustillingarnar (Mynd 7, 8, 9, 10)

Hæð: (Mynd 7)

1. Losið skúfurnar (1) með því að nota 4 mm sexkantlykil.
2. Stillið í æskilega hæð. Jafnt báðum megin.
3. Herðið skúfurnar (1).

Samanbrot: (Mynd 8)

Upp:

1. Losið hespur (1) af stoppurunum (2) með því að draga þær aftur á bak.
2. Leggðu upp fótplötuna (3) uns hún stöðvast.

Niður:

1. Leggðu fótplötuna niður (3) uns hún stöðvast og ýttu svo hún smelli á sinn stað við stopparana (1).
2. Læstu fótplötunni kringum stopparana (2) með hespum (1) með því að toga þær fram.

Dýpt: (Mynd 9)


1. Losið skúfurnar (1) með því að nota 4 mm sexkantlykil.
2. Skrúfið skúfurnar aftur í götin (2) til að færa fótplötuna fram um 30 mm.

Halli: (Mynd 10)


1. Losið skúfurnar (1) með því að nota 5 mm sexkant.
2. Stillið æskilegt horn.
3. Herðið skúfurnar (1).




Mynd 7



Mynd 8



Mynd 9



Mynd 10

STILLINGAR

3. Fótplötustillingar (Mynd 11,12, 13)

4. Spenna á hælbandi: (Mynd 11)

1. Togið í sundur riflásólar.
2. Stillið rétta lengd.
3. Endurfestið riflásaólar.

Fótplata sett upp sérlega hátt: (Mynd 12,13, 54, 55)

Ef þörf er á að setja upp fótplötuna sérlega hátt: (Mynd 55)

1. Fjarlægið fótplötuna með því að losa skrufurnar (1) eins og Mynd 12 sýnir
2. Losið skrúfu (1) á Mynd 13 báðum megin með því að nota 4 mm sexkant.
3. Snúið festingunni (2) 180 gráður (5). Gerið eins báðum megin.
4. Endursetjið í skrúfu (1) á báðum hliðum.
5. Losið skrúfuna (3) og snúið festingunni (4) 180 gráður.
6. Endursetjið í skrúfu (3) báðum megin.
7. Setjið fótplötuna aftur á hjólastólinn og stillið í rétta hæð.
8. Herðið skrufurnar (1) á Mynd 12.




Mynd 11




Mynd 54 venjul.



Mynd 55 hátt



Mynd 12



Mynd 13

STILLINGAR

5. Hæð á baki (Mynd 14)

Hæðin á bakinu er stillanleg.

1. Brjóttu frá efri hluta bakkólstrunar (1).
2. Losaðu boltana (2) báðum megin með 4 mm sexkant.
3. Stillið bakið í rétta hæð með því að hreyfa baksúlurnar upp eða niður.
4. Herðið aftur boltana. Fjarlægjið ófestu ólina ef bakið er stillt á lága stöðu.

5. Bakhallinn (Mynd 15)

1. Takið bakið úr lás báðum megin með því að toga í vírinn (1).
2. Fellið bakið fram.
3. Losið upp á lásskrúfunni (2) fáeina snúninga með 4 mm sexkanti. Endurtakið þetta hinu megin.
4. Snúið baklæsingu (3) réttisælis þannig að læsistykkið festi ekki bakið. Notið 19 mm topplykil.
5. Losið upp á lásróm (4) báðum megin með því að nota 17 mm topplykil.
6. Stillið hallann á bakinu með því að nota stilliskrúfur (5) báðum megin. Losið stilliskrúfurnar með 4 mm sexkant til að halla bakinu fram. Með því að herða stilliskrúfurnar er hægt að halla bakinu aftur á bak.
- Mikilvægt er að stilla báðar hliðar jafnt til að forðast að rör í bakinu bogni. Prófið þetta með því að láta bakið í upprétta stöðu og kannið hvort báðar stilliskrúfur snerta rammann.
7. Gerið tilraunir með hæfilegan halla á bakinu áður en lásrærnar (4) eru hertar báðum megin.
8. Setjið bakið í upprétta stöðu.
9. Snúið baklæsingu (3) þannig að lásstykkið smelli í sporið. Notið 19 mm topplykil.
10. Herðið lásskrúfur (2) báðum megin með 4 mm sexkantlykli.



Mynd 14



Mynd 15

STILLINGAR

6. Spennan í bakáklæðinu (Mynd 16)

Hægt er að laga bakáklæði að lögun baksins hjá þér með ólum undir barði aftan á bakinu. Það tryggir góðan stuðning við mjóhrygginn.

Bakáklæðið er líka með neðra barð fast við riflásinn yfir sætisáklæðinu undir sætissessunni. Þetta barð má færa aftur eða fram til að fá rétta spennu í neðri hluta bakáklæðisins (þekkt sem sætisfata).

Leiðrétting á spennu í bakáklæði:

1. Lyftið upp efra barði bakáklæðis (1).
2. Losið ólina.
3. Sitjið eins aftarlega í stólnum og hægt er. Ef tilfinningin er að þú komist ekki nógu aftarlega í stólnum getur það verið af því að neðra barð bakáklæðis er fest of framarlega á sætinu. Losið barðið (2) og festið það aftar á sætisbólstruninni.
4. Herðið böndin fimm til að tryggja að stuðningur sé nægur.
5. Leggið niður efra barð bakáklæðis (1).



7. Jafnvægi hjólastóls (Mynd 17)

Hægt er að stilla jafnvægi hjólastóls með því að færa afturöxul drifhjóra annað hvort fram eða aftur – því framar sem afturöxullinn er því betra er jafnvægi hjólastólsins að aftan. Það er gert til að færa meiri þyngd á drifhjólið og létta stólinn að framan. Það auðveldar stýringu á hjólastólnum og auðveldar að halla á afturhjólin, t.d. þegar fara þarf yfir kantsteina, dyraþrep o.s.frv.

Samt ætti ekki að halla stólnum of langt aftur því þá eykst hættan á að stóllinn steypist aftur yfir sig. Miklu skiptir að taka sér tíma við að prófa jafnvægi sem hentar eigin líkama og aksturstækni svo að auðvelda megi akstur stólsins sem mest án þess að auka verulega hættu á að hann steypist yfir sig.

Þú skalt ætíð hafa einhvern staðsettan aftan við þig þegar þú prófar stólinn eftir jafnvægisstillingu.

Ef þú finnur enn til óöryggis varðandi jafnvægi stólsins eftir að hafa prófað hann ítarlega skaltu nota stöðugleikabúnað. Þegar þessi búnaður er úti eyðir hann hættunni á að steypast aftur yfir sig og auðvelt er að draga hann inn aftur þegar ekki er þörf fyrir hann lengur.



Mynd 16

STILLINGAR

7. Jafnvægisstilling hjólastóls (Mynd 17)

1. Fjarlægjið drifhjólið með því að yta á hraðlosunarhnappinn og draga hjólið beint af.
2. Notið 4 mm sexkantylkil til að losa upp á lásskrúfunum 4 (1). Endurtakið þetta hinu megin.
3. Nú getum við ýtt afturöxlinum fram eða aftur eftir láréttu röri í rammanum. Haldið áfram uns hentug stilling finnst.
4. Mikilvægt er að afturöxullinn sé jafn framarlega báðum megin á rammanum. Auðveldast er að staðfesta það með að mæla fjarlægð á milli afturenda á lárétta rörinu og afturenda á hjólafestingunni. Notið málband eða reglustiku til að tryggja að fjarlægðin sé sú sama báðum megin.
5. Herðið lásskrúfur (1) báðum megin.
6. Festið afturhjólin aftur á afturöxulinn á hjólastólnum og ýtið hjólunum eins langt og hægt er. Kannið hvort hraðlosunahnaппur hafi skotist út, sem staðfestir að hraðlosun er í læstri stöðu.
7. Reynið að toga hjólin út til að tryggja að þau séu vel fest.

8. Bremsustilling


 **ATHUGIÐ!** Bremsuvirkni breytist þegar loftþrýstingur minnkar, hjólbarðar slitna eða þegar skipt er yfir í aðra tegund hjólbarða. Þar af leiðandi þarf að kanna bremsustillingar öðru hverju.

Stilling á kraftbremsu (Mynd 18)

1. Notið 5 mm sexkant við að losa lásskrúfuna (2).
2. Nú er hægt að yta bremsunum fram og aftur. Stilltu bremsuna þannig að hún ýti um 4 mm inn í hjólbarðann í læstri stöðu. Herðið lásskrúfuna (2) með 5 mm sexkanti.
3. Bremsunni er læst með því að yta handfangi (1) fram uns það stöðvast.
4. Stilltu bremsuna hinu megin með því að fylgja skrefum 1 til 3.



Mynd 17



Mynd 18

AUKABÚNAÐUR



Stöðugleikabúnaður (Mynd 19, 20)

Stöðugleikabúnaðurinn báðum megin er ákaflega mikilvægur aukabúnaður sem verður að vera tekinn út og réttilega stilltur til að veita viðeigandi vörn gegn því að steypast aftur yfir sig. **ATHUGIÐ!** Stöðugleikabúnað **má ekki nota sem „veltiaðstoð“** til að lyfta framhjólunum við að komast yfir þröskulda, kantsteina o.s.frv.

Útlagning stöðugleikabúnaðar: (Mynd 19)

- 1) Ýtið ákveðið á hnappinn á stöðugleikabúnaðinum (1).
- 2) Stöðugleikabúnaðurinn leggst sjálfkrafa út þannig að hann beinist aftur á bak (2).
- 3) Endurtakið með hinum stöðugleikabúnaðinum.

Innlagning stöðugleikabúnaðar: (Mynd 19)


1. Ýtið og haldið hnappnum (1).
2. Snúðu stöðugleikabúnaðinum þannig að hann fari undir sætið með hönd þína á stöðugleikabúnaðinum (2).
3. Endurtaktu það með hinum stöðugleikabúnaðinum.

Uppsetning stöðugleikabúnaðar: (Mynd 19, 20)

- 1) Bakkaðu hjólastólnum upp að t.d. vegg; kannaðu hvort fjarlægðin (3) frá afturbrún á stöðugleikahjól er **í flútti við eða aftan við drifhjól**, það **má ekki vera framan við**.
- 2) Stillið eftir þörfum með því að festa hjólarör í einhverri af fimm stöðum (4).



Mynd 19



Mynd 20

AUKABÚNAÐUR

Hliðarhlífar (Mynd 21)

Hliðarhlífarnar koma í veg fyrir að fatnaður og lausir hlutir fari í teina hjólastólsins og hindra líka að óhreinindi berist af hjólunum í fatnað notanda. Hliðarhlífarnar má fjarlægja við flutning, t.d. með því að draga þær lóðrétt upp til að losa þær úr festingunum.

Aðlögun hliðarhlífa að 20, 22 eða 24" afturhjólum (Mynd 22)

Hægt er að laga hliðarhlífarnar að ýmsum stærðum afturhjóla. Hlutar 2 og 3 eru losanlegir svo að hægt sé að stilla hliðarhlífar í rétta hæð miðað við afturhjól.

1. Notið aðeins hluta (1) fyrir 20" afturhjól.
2. Notið aðeins hluta (1 og 2) fyrir 22" afturhjól.
3. Notið hluta (1, 2 og 3) fyrir 24" afturhjól.

Losun á hliðarhlífum (Mynd 21)

Dragið hliðarhlífarnar beint upp til að fjarlægja þær af hjólastólnum.

Armar (Mynd 23)

Armarnir eru hæðarstilltir með skrófu með gormi. Hægt er að stilla í þrjár hæðir. Þegar stillt er hæð arma skal nota 3 mm sexkant við að losa (staða 2) fáeina snúninga, ýta inn skrófu og renna armapúðanum upp eða niður eftir óskum. Þegar náð er æskilegri stöðu skal losa skrúfuna og finna hvernig armurinn „smellur í“ rétta stöðu. Læsið stöðunni með því að herða skrúfuna aftur.

Armar losaðir (Mynd 23)


Dragið arma og hliðarhlífar beint upp til að fjarlægja þau af hjólastólnum.



Mynd 21



Mynd 22




Mynd 23


AUKABÚNAÐUR

Mjaðmabelti (Mynd 24a, 24b, 25a, 25b)


Mjaðmabelti frá þriðja aðila sem uppfyllir kröfur samkvæmt MDR ESB 2017/745 má setja upp ef það ber CE-merki. Uppsetning fer fram með festiólum um grindarrör eða með að nota Pantheras-festingar [Mynd 25a, 25b](#). Leyfileg svæði fyrir festingar, sjá grænar merkingar á [Mynd 24a, 24b](#).




Mynd 24a



Mynd 24b



Mynd 25a




Mynd 25b

Ökklabelti ([Mynd 26](#))

Ökklabelti frá þriðja aðila sem uppfylla kröfur samkvæmt MDR ESB 2017/745 má setja upp ef þau bera CE-merkingu. Uppsetningin fer fram með að nota skrúfurnar til að festa beltin. [Mynd 26](#)

Ef óskað er eftir annarri stöðu fyrir beltafestingar er leyfilegt að fræsa rauf fyrir hverja beltafestingu á grænmerktum svæðum.



Mynd 26a

AUKABÚNAÐUR

Bolstuðningur (Mynd 27, 28)

Fyrir þá sem eru með óstöðugan bol geta einn eða tveir bolstuðningar bætt sitjandi stöðu þeirra.

Uppsetning (Mynd 27)

1. Losið skráfurnar (1) með því að nota 4 mm sexkantlykil.
2. Stillið bolstuðningssessu hvað varðar hæð og dýpt.
3. Herðið skráfurnar (1) með 4 mm sexkanti.

Flett frá (Mynd 28, 49)

1. Lyftið plastgripinu (1) lítið eitt. **Hám. 5 mm. Mynd 49**
2. Færið bolstuðninginn upp svo að gripið færist framhjá stoppskrúfunni.
3. Flettdu bolstuðningnum til hliðar.

Brotið saman:

1. Brjótið bolstuðninginn saman í rétta stöðu.
2. Færið bolstuðninginn niður svo að gripið leiti yfir stoppskrúfuna.



Mynd 27



Mynd 28



Mynd 49

AUKABÚNAÐUR

Ýtislá

Stillanleg, losanleg ýtislá til að flytja notendur hjólastóla langar vegalengdir.

Uppsetning á ýtislá: (Mynd 29, 30)

1. Klemmið saman handfangið (1) til að opna klemmuna (2) sem ætti að umlykja neðra grindarrörið. (3)
2. Losið handfangið þegar klemman (2) umlykur rörið. (3)
3. Opnið klemmur A og B og staðsetjið A undir og utan um (5) bakbogann.
4. Færið (6) klemmu B fram yfir bakbogann og krækið (7) frambrúninni yfir frambrún klemmu A.
5. Þrýstið á klemmu B þannig að gulrauða barðið læsi klemmu B með smelli.

Tekin niður ýtisláin. (Mynd 31, 29)

(Mynd 31)

1. Ýtið (1) gulrauða barðinu inn í áttina að bakinu og brjótið saman (2) klemmu B.
2. Losið klemmu B við frambrúnina frá klemmu A (3) sem er brotin saman niður þannig að hún losni frá rörinu.

(Mynd 29)

3. Klemmið saman handfangið (1) til að opna klemmuna (2) þannig að fjarlægja megi hana af grindarrörinu. (3)
4. Fjarlægið ýtislána af hjólastólnum.

Uppsetning ýtislár (Mynd 32)

Stilling á hæð ýtislár:

1. Flettið lásarminum (1) aftan af ýtislánni.
2. Stillið æskilega hæð og leggið lásarminn aftur á sinn stað.

Stilling á halla handfangsins:


1. Ýtið á stóra hnappinn (2) ofan á ýtislánni.
2. Jafnframt því að þrýsta á hnappinn (2) skal stilla hallann á drifhandfanginu.
3. Hættið að þrýsta á hnappinn (2) þegar réttum halla er náð.

AUKABÚNAÐUR


Ýtislá



Mynd 29



Mynd 30



Mynd 31



Mynd 32

AUKABÚNAÐUR

Höfuðpúði

Uppsetning höfuðpúða: (Mynd 33)

Höfuðpúðinn er settur upp á ýtislána.

1. Losið láshandfang (1) festingar.
2. Smokrið höfuðpúðafestingunni á klemmuna (2).
3. Herðið láshandfangið (1).

Stilling á höfuðpúða. (Mynd 34-35)


(Mynd 34)

1. Losið hnappana tvo til að stilla hæð, halla og dýpt á höfuðpúða. (1 og 2)
2. Stillið í rétta stöðu og herðið hnappana. (1 og 2)


(Mynd 35)

Höfuðpúðaplötuna má setja upp þannig að hún snúi upp eða niður sem skilar hárri eða lágrí stöðu í þeirri röð. Mismunurinn er 30 mm (+/-15 mm).


1. Losið efri hnappinn alveg og fjarlægjið höfuðpúðann og snúið. (1)
2. Fjarlægjið höfuðpúðann og herðið skrufuna. (1)



Mynd 33



Mynd 34



Platta vänd uppåt

Platta vänd nedåt

Mynd 35

AUKABÚNAÐUR

Bakkaborð Ath! Hám. álag 5 kg

Uppsetning á bakkaborði: (Mynd 36)

1. Leggið út fætuna (1) á bakkaborðinu og komið fyrir í götum á hliðarhlífum (2).
3. Ýtið borðinu niður uns það stöðvast.

Bakkaborðið fjarlæggt. (Mynd 37)

Lyftið borðinu beint upp þannig að það losni frá hliðarhlífum.

Flutningur bakkaborðs. (Mynd 38)

1. Leggið saman fætur á bakkaborðinu.
2. Staðsetjið seglana þrjá á bakkaborðinu á móts við þrjá samsvarandi segla á festingu sem sett er upp á drifhjólinu. Nú er bakkaborðið fest við drifhjólið á meðan hjólastólnum er ekið.

Leyfilegur aukabúnaður

Aukabúnað sem leyfilegt er að setja upp á hjólastólinn má finna á vefsíðu Panthera: www.panthera.se


6



Mynd 36



Mynd 37



Mynd 38 36br

FLUTNINGUR

Við leggjum áherslu á að, við flutning á notanda hjólastóls í ökutæki sé ávallt æskilegt að færa notandann í venjulegt bílsæti með öryggisbelti.

Bambino 3 útgáfan hefur verið árekstraprófuð og samþykkt til flutninga í ökutækjum fyrir hreyfihamlaða. Þegar ferðast er í ökutækjum geta notendur verið áfram í hjólastólum sínum ef samþykkt öryggisfestingar og öryggisbelti eru notuð þótt Panthera AB mæli ekki með því.

Sjá síður 25-26 varðandi upplýsingar um öryggi við flutninga með notanda áfram í hjólastólum.

Hjólastóll settur saman og tekinn sundur (Mynd 39 og 40)

Við flutning hjólastóls í bíl er t.d. hægt að lækka bakið og losa drifhjólið frá.

Lækkun baks, (Mynd 39):

- 1) Fjarlægjið hvers kyns hliðarhlífir og arma með því að toga þau upp lóðrétt.
- 2) Fjarlægjið sætissessu eftir þörfum.
- 3) Togið í vírinn (1) og lækkið bakið.

Drifhjólið losað frá (Mynd 40):


- 1) Ýtið á hraðlosunarhnappinn (1).
- 2) Togið hjólið beint af.

Drifhjólið fest á, (Mynd 40):

- 1) Ýtið á hraðlosunarhnappinn (1).
- 2) Setjið hjólið á afturöxulinn og ýtið eins langt og hægt er.
- 3) Kanna skal hvort hnappurinn hefur skotist til baka (1) sem staðfestir að hraðlosunarhnappurinn er í læstri stöðu.
- 4) Togið hjólið út **til að tryggja að það sé örugglega fest.**



Mynd 39



Mynd 40

FLUTNINGUR

Hjólástóll tryggður í ökutæki (Mynd 41 og 42)

Við flutning skal hjólstóllinn ávallt snúa í akstursstefnu á meðan notandi situr í stólnum. Gera má undantekningu ef ökutækið er með búnaði sem er hannaður í samræmi við Strætisvagnatilskipun 2001/85/EG, viðhengi VII, atriði 3.8.3. Í slíkum tilfellum getur notandi ferðast án öryggisfestinga með hjólástólinn snúandi öfugt við akstursstefnu.

Hjólástólinn skal ávallt vera festur við ökutæki á fjórum stöðum

Hjólástóll festur tryggilega

- 1) Festið ólarnar um rörið yfir snúningshjólunum tveimur. Sjá (Mynd 41).
- 2) Festið ólarnar tvær utan um afturöxulinn. Sjá (Mynd 42). Athugið! Ekki festa málmkroka beint á afturöxulinn.
- 3) Togið hjólástólinn aftur á bak og herðið afturólar til að tryggja að hjólástólinn sé öruggur og geti hvorki færst fram né aftur.
- 4) Ef hjólástóllinn er búinn bremsum skal tryggja að þær séu notaðar.
- 5) Við mælum einnig með að draga út stöðugleikabúnað.
- 6) Tryggja skal að allar ólar og bönd séu vel fest við prófila á gólfi ökutækisins.
- 7) Kannið hvort allar ólar og bönd hafi verið strekkt nægilega



Mynd 41



Mynd 42

FLUTNINGUR


Öryggi notanda (Mynd 43 og 44)

Ef notandinn er áfram í hjólastólnum við flutning mælum við með að bakið nái upp að eða yfir axlir notanda.


Notandinn verður að vera festur í þriggja punkta öryggisbelti til að lágmarka hættu á áverkum á höfuð eða brjóstkassa þegar hemlað er eða við hugsanlegan árekstur.

Öryggisbelti ökutækis skulu vera áfram þétt við líkama notandans. Öryggisbeltið má ekki vera aðskilið frá líkama notanda með einhvern hluta hjólastóls á milli. Sjá (Mynd 43 og 44).

Fjarlægja þarf lausabúnað í hjólastólnum til að lágmarka hættu á áverkum á notanda eða samferðamenn hans.



Mynd
43



Mynd
44



ÁREKSTRAPRÓFUN

Bambino 3 frá Panthera hefur staðist árekstraprófun.

Bambino 3 hjólastóllinn frá Panthera er samþykktur í notkun til flutninga í þjónustubílum sem hér segir. Hér skýrum við frá hvernig festa verður stóllinn með viðurkenndum hætti og hvaða efni þarf að nota í prófanirnar. Eftirfarandi gerðir hjólastóla og efna hafa verið notuð við samþykkt samkvæmt prófunum hér að neðan.

Reglurnar eru byggðar á niðurstöðum árekstraprófana á Panthera hjólastólum samkvæmt ISO 7176-19:2008, kafla 5.2. Árekstraprófanir voru framkvæmdar af: RISE. Próf.dagsetn: 30/06/2020.

Panthera Bambino 3:

Festingakerfi: Unwin Sys01

Öryggisbelti: Unwin Ocr02

Prófunargína: Hybrid III gína (þyngd 59 kg)

Hafið samband við framleiðandann, Handicare, varðandi frekari upplýsingar um öryggisbelti og festingakerfi.

Tæknilýsing á hjólastól sem notaður er í árekstraprófun

Stóllinn sem Panthera hefur árekstrað var af eftirfarandi gerð á prófunartíma:

Panthera Bambino 3:

Full breidd á grind Bambino 3 er 30

Full breidd á Bambino 3 baki er 30, hæð 33

Breidd fótplötu er 30 á Bambino 3

Venjuleg afturhjól eru 22" með títan-ýtigjörðum.

Háar bremsur, færðar fram

ýtisláarbreydd 30 á Bambino 3

Breidd höfuðpúða 30 á Bambino 3

Stöðugleikabúnaður

Hliðarhlífar á Bambino 3

Bambino-sessa, breidd 30, 2,5 cm

Frávik frá niðurstöðu geta orðið á stólum af annarri gerð. Hæð á baki stólsins og uppsetning ýtisláar með hálsþúða geta haft mikil áhrif á niðurstöðuna.

VIÐHALD

Panthera hjólastóllinn er nánast viðhaldsfrír. Samt þarf að skoða reglulega fáeina hluta. (Það þarf auðvitað að þrifa og fara yfir stóllinn oftár ef hann er notaður við erfiðar aðstæður, til dæmis í sandi eða saltvatni.)

Geymsla

Þegar hjólastóllinn er geymdur í 4 mánuði eða lengur á að láta hann í hlýtt og þurrt herbergi. Eftir geymslu skal kanna loftþrýsting í hjólbörðum og ástand áklæðis.

Stöðugt viðhald

Til að sinna stöðugu viðhaldi þarf eftirfarandi:

- bílasjampó eða svipað.
- fituhreinsi (til að fjarlægja fasta fitu og óhreinindi).
- fjölnota olíu, t.d. CRC 5-56.

Einu sinni í mánuði þarf að:

- Strjúka af hjólagrindinni með bílasjampó eða hreinsiefni með rökum klút. Notið fituhreinsi til að fjarlægja erfið óhreinindi. Smyrjið alla hreyfanlega hluta með 5-56, alhliða olíu, eftir þvott.
- Þrífið framhjólagaffalhús (á milli hjóls og gaffals). Oft vill hár og ryk safnast þar sem getur skemmt legurnar. Losið hjólabolta með 4 mm sexkanti og fjarlægið hjólið. Síðan skal þrifa millilegg á milli hjóls og gaffals og þurrka utan af hjólaalegunum með klút. Látið dropa af olíu á hverja legu. Setjið hlutana aftur saman.
- Smyrjið öxul drifhjóls. Fjarlægið hjólið og dreifið fáeinum dropum af olíu á öxulinn. Ef ekið er í regni, sandi, salti eða krapí eða drifhjólið sjaldan fjarlægt skal gera þetta oftár og reglulega.
- Pumpið í hjólbarðana með því að losa lokið af ventlinum og dælið lofti í með því að nota hentugt millistykki til að leiðrétta þrýsting í hjólbörðum. (Sjá Tæknilyðingu).
- Farið yfir allar skrúfur og rær. Herðið eftir þörfum.
- Gangið úr skugga um að stóllinn hafi ekki orðið fyrir skemmdum. Ef skemmdir verða skal þegar í stað hafa samband við næsta söluaðila eða teymi Panthera AB.

Tvisvar á ári þarf að:

- Smyrja hreyfanlega hluta bremsunnar með fáeinum olíudropum.
- Smyrja fódningu í liðnum á bakinu. Smyrja fódningar með fáeinum olíudropum.
- Þvo sætisáklæði, bakáklæði og áklæði yfir sætissessu í þvottavél við 60 °C eftir þörfum. Krækja þarf saman riflásinn til að forðast að áklæðið dragist með riflásnum við þvottinn.

Aðstoð við þjónustu og viðgerðir

Hafið samband við þjónustumiðstöð til að fá aðstoð við þjónustu og viðgerðir. Hafa má samband við Panthera um aðstoð og svör við spurningum.

Leiðbeiningar um yfirferð og uppgerð má fá af www.panthera.se

Ef senda þarf hjólastóllinn á verkstæði til viðgerða.

1. Leggðu saman bak hjólastólsins og festu með nokkrum lögum af límbandi.
2. Pakkaðu hjólastólnum í bóluplast og bættu við mjúku efni neðst í kassann.
3. Komdu hjólastólnum fyrir í sterkbyggðum sendikassa.
4. Fyllið öll holrými með froðuleppum og sessuefni.
5. Lokið og þéttið kassann með nokkrum lögum af límbandi báðum megin á pakkanum.

Skipt um slithluti (Mynd 45 og 46)

Slithluti eins og hjólbarða, slöngur og snúningshjól má fá hjá þjónustumiðstöð eða panta frá Panthera gegn greiðslu, og vinnuna má framkvæma heima hjá þeim sem eru færir um slíkt.

www.panthera.se

Ef þú skiptir sjálf/ur um skaltu gera eftirfarandi: Þú þarft þessi verkfæri: Verkfæri til að skipta um hjólbarða og 4 mm sexkant

Skipt um hjólbarða og slöngu: (Mynd 45)

- 1) Pantið varahluti frá Panthera í réttum stærðum. Mælið þvermál snúningshjóls í mm, en stærð á afturhjólbarða má lesa af hliðinni á honum.
- 2) Fjarlægjið drifhjólið með því að þrýsta á losunarhnappinn og tugið hjólið beint af.
- 3) Fjarlægjið hjólbarðann og slönguna með hentugum verkfærum. Aðferðin er sú sama og notuð er við að skipta um hjólbarða og slöngu á reiðhjóli.
- 4) Setjið slönguna og hjólbarðann á og tryggið að slangan sé ekki sprungin. Pumpið í hjólbarðann.
- 5) Festið aftur hjólið á hjólastólinn, tryggið að hraðlosunarhnappur spretti út þannig að hjólið sér tryggilega fest við nafið. Togið hjólið út til að tryggja að það sé vel fest. Snúið hjólinu til að tryggja hjólbarðinn hafi verið látinn rétt á og að hjólið sé algjörlega hringlaga.


Skipt um snúningshjól: (Mynd 46)

hraðlosunartengi í leiðbeiningamyndbandi sem

einnig má finna á vefsíðu Panthera. www.panthera.se/en/delar_lankhjul_120.html



- 1) Pantið varahluti frá Panthera í réttum stærðum.
- 2) Losið snúningshjólið með 4 mm sexkanti.
- 3) Þegar nýtt snúningshjól er fest skal halda báðum fótöringum niðri með þumli og vísifingri og síðan beina snúningshjólinu inn í gaffalraufina. Þegar snúningshjól eru sett aftur saman eftir þrif eða þjónustu skal ávallt kanna hvort boltinn er enn með gengjulæsingu (blár, rauður eða grænn) á gengjunum, sem sýnir að gengjum er nægilega vel læst. Ef gengjulæsingu vantar þarf að panta nýjan bolta eða nota léttu gengjulæsingu.
- 4) Herðið að fullu með 4 mm sexkantlykli. Gangið úr skugga um að snúningshjól snúist auðveldlega.



Mynd 45



Mynd 46

ÁBYRGÐ OG ENDING

Ending: Ending á vörum frá Panthera fer eftir hve miklu sliti þær verða fyrir og hve vel viðhaldi er sinnt.

Þegar hjólastóllinn endist ekki lengur skal skila honum til þjónustumiðstöðvar eða Panthera AB til endurvinnslu.

Ábyrgð

Panthera AB býður fimm ára verksmiðjuábyrgð á grind hjólastólsins. Fyrir aðra hluti gildir 12 mánaða ábyrgð (nema á slithlutum).

- Ábyrgðin nær til bilana sem verða vegna galla í hönnun, efni eða framleiðslu.
- Ábyrgðin nær EKKI til bilana sem verða vegna eðlilegs slits, vanrækslu á viðhaldi, mistaka í meðferð, rangrar geymsluaðferðar, rangrar samsetningar kaupanda, stillinga og notkunar framleiðslu frá öðrum aðilum án skriflegs samþykkis Panthera AB eða skaða af völdum viðgerða sem framkvæmdar eru að frumkvæði kaupanda.

Endurnýting


Panthera Bambino 3 hentar til endurnýtingar. Áður en hjólastóllinn er endurnýttur verður að þrifa, sótthreinsa og senda hann til viðurkennds endurseljanda til skoðunar.

SAMRÆMI (Mynd 47 og 48)

Upplýsingar um samræmi hjólastóls við staðla má finna undir grindinni að framan. Sjá síðu 3 varðandi táknskýringar.



Mynd 47



Mynd 48

TÆKNILÝSING

BAMBINO 3				
Gerð	G517	G517	G517	G517
Sætisbreidd (cm)	24	27	30	33
Heildarbreidd	55	58	61	64
Heildarlengd	65-71,5	65-71,5	65-71,5	65-71,5
Heildarhæð, 22" hjól	57,5-65	57,5-65	57,5-65	57,5-65
Sæti				
Sætishalli	4°	4°	4°	4°
Sæti hátt aftan	39	39	39	39
Sæti hátt framan, 22" hjól	41	41	41	41
Sætisdýpt	25-30	25-30	25-30	25-30
Bak				
Hæð baks	20–28 eða 27–35	20–28 eða 27–35	20–28 eða 27–35	20–28 eða 27–35
Halli baks fram–aftur	11,5–(–7,5)°	11,5–(–7,5)°	11,5–(–7,5)°	11,5–(–7,5)°
Þvermál afturhjóla	20, 22 , 24"	20, 22 , 24"	20, 22 , 24"	20, 22 , 24"
Þvermál ýtigjarðar (mm)	505	505	505	505
Afturhjólahalli	6°	6°	6°	6°
Þvermál snúningshjóls (mm)	120	120	120	120
Fótskemill, sæti að fótskemli (cm)	16–30 Breytileg	16–30 Breytileg	16–30 Breytileg	16–30 Breytileg
Flutningsstærðir				
Breidd	32,5	35,5	38,5	41,5
Lengd	60	60	60	60
Hæð	32	32	32	32
Þyngdir				
Alls (g)*	9764	9992	10220	10448
Flutningur (g), þyngsti hluti	5574	5800	6030	6258
Hám. þyngd notanda (kg)	60	60	60	60
Lágmarks snúningsrými (cm)	90	90	90	90
Stöðugleiki í kyrrstöðu	5°	5°	5°	5°
Lofþrýstingur í hjólbörðum (bar/kPa)	8/800	8/800	8/800	8/800
Efni: grind/bak	Krómmólýbden-rör			
Efni: Áklæði (bólstrun)	Pólýúrepanhúðað pólýester			
Áklæði og sessa hafa verið brunaprófuð í samræmi við:	ISO 7176-16			
Flokkur hjólastóls	B: inni/úti			
* Þyngdir voru að meðtöldum bremsum og stöðugleikabúnaði.				

TÆKNILÝSING

BAMBINO 3 STUTT			
Gerð	G518	G518	
Sætisbreidd (cm)	24	27	
Heildarbreidd	55	58	
Heildarlengd	64	64	
Heildarhæð, 22" hjól	57,5-65	57,5-65	
Sæti			
Sætishalli	4°	4°	
Sætishæð að aftan	39	39	
Sætishæð að framan	41	41	
Sætisdýpt	18-25	18-25	
Bak			
Hæð baks	20–28 eða 27–35	20–28 eða 27–35	
Halli baks fram–aftur	11,5–(–7,5)°	11,5–(–7,5)°	
Þvermál drifhjóls	20, 22 , 24"	20, 22 , 24"	
Þvermál ýtigjarðar (mm)	555	555	
Drifhjólshalli	6°	6°	
Þvermál snúningshjóls (mm)	120	120	
Fótskemill, sæti að fótskemli (cm)	16–30 breytileg	16–30 breytileg	
Flutningsstærðir			
Breidd	26,5	29,5	
Lengd	60	60	
Hæð	32	32	
Þyngdir			
Alls (g)*	9764	9992	
Flutningur (g), þyngsti hluti	5574	5800	
Hám. þyngd notanda (kg)	60	60	
Lágmarks snúningsrými (cm)	90	90	
Stöðugleiki í kyrrstöðu	5°	5°	
Lofþrýstingur í hjólbörðum (bar/kPa)	8/800	8/800	
Efni: grind/bak	Krómmólýbden-rör		
Efni: Áklæði (bólstrun)	Pólýúrepanhúðað pólýester		
Áklæði og sessa hafa verið brunaprófuð í samræmi við:	ISO 7176-16		
Flokkur hjólastóls	B: inni/úti		
* Þyngdir að meðöldum bremsum og stöðugleikabúnaði.			

panthera®



CE

Panthera AB, Gunnebogatan 26, SE-163 53 Spånga
+46 (0)8-761 50 40, www.panthera.se, panthera@panthera.se